

**4. fundur Umhverfis- og byggingarnefnd haldinn Strandgötu 38,
miðvikudaginn 19. október 2022
og hófst hann kl. 17:00.**

Fundinn sátu:

Sigurvin Hreiðarsson (SH), Aðalsteinn Magnússon (AM), Jónas Snæbjörnsson (JS) og Jóhann Birkir Helgason (JBH).

Fundargerð ritaði: Sigurvin Hreiðarsson, Formaður

Dagskrá:

1. Vatnslögn frá Tunguvirkjun inn á Hvítalæk - 2106247

Tekin fyrir umsókn frá Tungusilungi ásamt teikningu frá Gingi teiknistofu dags. 29.07.2022 þar sem óskað er eftir leyfi til að leggja vatnslögn í sjó frá Tunguvirkjun inn á Hvítalæk.

Umhverfis- og byggingarnefnd gerir ekki athugasemd við erindið.

2. Umhverfisstefna Tálknafjarðarhrepps - 2208088

Tekin fyrir drög að umhverfisstefnu Tálknafjarðarhrepps.

Umhverfis- og byggingarnefnd leggur til við sveitarstjórn að umhverfisstefnan verði samþykkt.

3. Samþykkt um búfjárhald, endurskoðun - 2208006

Tekið fyrir að nýju samþykkt um búfjárhald sem frestað var á síðasta fundi nefndarinnar.

Umhverfis- og skipulagsnefnd leggur til við sveitarstjórn að samþykkt um búfjárhald verði samþykkt.

4. Aðalskipulag Endurskoðun 2019-2031 - 1809041

Tekið fyrir að nýju Aðalskipulag Tálknafjarðarhrepps 2019-2031 sem frestað var á síðasta fundi nefndarinnar.

Nefndin bendir á að ósamræmi er í skipulaginu um heildarlífsmassa á ári á milli fiskeldisstöðva, eingöngu er talað um heildarlífsmassa í Norður-Botni en ekki í landi Gil- og Eysteinsyrar og Innstu Tungu.

Að öðru leyti gerir nefndin ekki athugasemdir.

5. Stækkun seiðaeldisstöðvar Arnarlax á Gileyri - 2210380

Tekinn fyrir tölvupóstur frá Þórdísi Stelli Erlingsdóttur dags. 12.09.2022 þar sem óskað er eftir umsögn Tálknafjarðarhrepps á framkvæmd Arnarlax á stækkun seiðaeldisstöðvar á Gileyri úr 200 tonna lífmassa í 1000 tonna hámarkslífsmassa á ári.

Umhverfis- og byggingarnefnd telur að nægjanlega sé gerð grein fyrir framkvæmdinni, umhverfi hennar, umhverfisáhrifum, mótvægisáðgerðum.

4. fundur
27.10.2022

Nefndin telur að framkvæmdin sé ekki háð mati á umhverfisáhrifum að teknu tilliti til viðmiða í 2. viðauka.

Sigurvin Hreiðarsson vék af fundi undir þessum lið

6. Umsögn beiðni um umsögn - 2210408

Tekið fyrir bréf frá Matvælastofnun dags. 17. október 2022 um beiðni um umsögn vegna fiskeldis Arctic Smolt hf. í Norðurbotni.

Sótt er um eldi fyrir 2400 tonna hámarkslífmassa.

Umhverfis- og byggingarnefnd gerir ekki athugasemd við stækkun rekstarleyfis hámarkslífmassa úr 1000 tonnum í 2400 tonn og leggur til við sveitarstjórn að samþykkja erindið.

Sigurvin mætir til fundar

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 18:30.

Sigurvin Hreiðarsson (SH)

Aðalsteinn Magnússon (AM)

Jónas Snæbjörnsson (JS)

Jóhann Birkir Helgason (JBH)